

158. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 11. febrúar 2013, kl. 20:00, á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Lára Gunnarsdóttir, Hinrik Hjartarson, Ásgeir Gunnar Jónsson og Katrín Gísladóttir. Auk þess sátu fundinn Þorbergur Bæringsson slökkviliðsstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir skipulags- og byggingafulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Frúarstígur 6, íbúðar- og safnahús.
Skipavík ehf / Sigurjón Jónsson sækir um samþykkt á byggingaráformum að byggja hús við Frúarstíg nr. 6 fyrir safnastarfsemi á neðri hæð og íbúð á efri hæðum. sbr teikningar frá Skipavík ehf/Sigurjóni Jónssyni dags. 28.11. 2012. Stærðir alls 232,3 m².
Erindið samþykkt að uppfylltum skilyrðum.
2. Stöðuleyfi, skyndibítabíll.
Hildur Vésteinsdóttir sækir um f.h. Izeteam ehf, sækir um stöðuleyfi á skyndibítabíl á hafnarsvæði, sbr. bréf dags. 21.01.2013.
Nefndin tekur jákvætt í erindið og bendir á hugsanlega staðsetningu norðan við vogarskúrinn.
Erindi vísað til umsagnar í hafnarnefnd.
3. Stöðuleyfi, gámaskúr við Stykkisbryggju.
Þorgeir Kristófersson sækir um f.h. Iceland Ocean Tour ehf, stöðuleyfi á gámaskúr við Stykkisbryggju frá 1. apríl til 1. nóvember 2013, sbr. erindi mótttekið dags. 21.01.2013.
Erindi samþykkt með fyrirvara á samþykki hafnarnefndar.
4. Drög að samþykkt um nýrækt og frístundabúskap í Stykkishólmi.
Erindi dags. september 2012, vísað af bæjarstjórn til umsagnar í skipulags- og byggingarnefnd.
Nefndin leggur til
 - a) Liður 2, að leigjandi hafi lögheimili í Stykkishólmi
 - b) Liður 4, vantar tímafrest sem lóðarhafi hefur frá uppsögn leigusamnings.
 - c) Útfæra þarf nánar liði 5 og 7, ef til vill að huga að rétti á framsali á eignum.
 - d) Liður 9, nefndin telur að ekki skuli vera meira en 60 m² byggingarmagn á lóðum.
 - e) Liður 11, að heimilt verði hverjum frístundabóna að hafa að hámarki 15 gripi og 15 fiðurfé á lóð.
 - f) Liður 12, nefndin telur æskilegt að lóðir tengist vatni og rafmagni.
 - g) Liður 13, vantar að Stykkishólmsbær hafi rétt til að beita þvingunarúrræðum við slæmri umgengni og frágang á lóðum.
5. Beitarvæði fyrir innan bæjarmarka/þéttbýlismarka.
Erindi vísað af bæjarstjórn til umsagnar hjá skipulags- og byggingarnefnd um möguleika á að nýta sauðfé á illa hirt svæði innan bæjarmarakana, sbr. tillögu frá Lárusi Ástamri Hannessyni dags. 13.12. 2012.
Nefndin telur að tillagan sé illframkvæmanleg.

Fundi slitið kl. 22:25. – B.V.

